

Umhverfisráðuneytið
Sigurður Á. Þráinsson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. apríl 2008
2008040003/
KHS/jgo

Efni: Umsög Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi dýragarðsins í Peking

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 4. apríl þ.m. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á beiðni dýragarðs í Peking (The Beijing Zoo) um að fá að fltja út 300 lundaegg. Ætlunin er að kletja eggjunum út í garðinum og hafa fuglana þar til sýnis. Fram kemur í gögnum sem fylgdu bréfi ráðuneytisins að einn eigandi Hvallátra á Breiðafirði (Þorvaldur Þór Björnsson) er til reiðu búinn að afla eggjanna, en í Hvallátrum er mikið og vaxandi lundavarp.

Á undanförunum 15-20 árum hefur ráðuneytið heimilað útfluttning á lundum (pysjum og eggjum til klaks) til erlendra dýragarða. Yfirleitt hefur verið áskilið að viðkomandi aðilar skiluðu skýrslum um árangur eldis, afdrif fugla og fleiri slíka þætti. Nokkur misbrestur hefur orðið á skýrsluskilum, en í þeim tilvikum þar sem upplýsingar hafa borist hefur komið í ljós að mikil vanhöld hafa verið á fuglunum. Flestir dýragarðarnir sem leyfi hafa fengið eru á suðlægum slóðum.

Íslenski lundastofninn er afar stór en á undanförunum árum hefur orðið viðkomubrestur hjá lunda víða um land, eins og hjá fleiri sjófuglum sem lifa á síli. Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki kunnugt um að önnur lönd heimili töku lunda fyrir dýragarða, þrátt fyrir að stórir lundastofnar séu víða, t.d. í Bretlandseyjum.

Náttúrufræðistofnun telur að í ljósi reynslunnar sé ekki hægt að réttlæta lundahald í dýragörðum og mælir því gegn því að umbeðið leyfi sé veitt. Auk þess telur Náttúrufræðistofnun að það væru vafasöm skilaboð um verndaráherslur að heimila slíkan útfluttning núna í ljósi bágrar stöðu lundastofns.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

